



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins

2025-2029





Inngangur

Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins fyrir árin 2025-2029 er stefnumótandi áætlun sem miðar að því að efla og styrkja svæði og samfélag höfuðborgarsvæðisins. Áætlunin byggir á greiningu og samráði, þar á meðal við fulltrúa sveitarfélaganna og lykilfólk í háskóla-, atvinnu- og menningarlífi á höfuðborgarsvæðinu.

Sóknaráætlunin tekur til þriggja meginmálaflokka:

- Velferðar og samfélags
- Umhverfis- og samgöngumála
- Atvinnu og nýsköpunar

Í hverjum meginmálaflokki eru lagðar fram áherslur á tiltekin verkefni sem stuðla að markmiðum áætlunarinnar.

Áhersluverkefnum sóknaráætlunar eru áætlað næstu fimm ára og er þeim forgangsraðað í áætluninni. Ljóst er þó að verkefnin munu flæða á milli ára að einhverju leiti. KPMG leiddi vinnuferlið við gerð sóknaráætlunar fyrir Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, SSH.



Atvinna og
nýsköpun




Umhverfis- og
samgöngumál



Velferð og
samfélag

HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

STAÐA LANDSHLUTANS



259.645 Íbúar



7 sveitarfélög



248 Íbúar per km²

Svæði sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins nær yfir sveitarfélögin Reykjavíkurborg, Seltjarnarnes, Kópavogsbæ, Garðabæ, Hafnarfjörð, Mosfellsbæ og Kjósahrepp.

Í byrjun árs 2025 bjuggu tæplega 260.000 manns á höfuðborgarsvæðinu eða um 64% íbúa landsins. Flestir íbúanna búa í Reykjavík eða 146 þúsund en 313 í Kjósahreppi sem er fámennasta sveitarfélagið í landshlutanum.

Reykjavík og höfuðborgarsvæðið er og hefur verið síðan á 19. öld miðstöð verzlunar, stjórnsýslu og þjónustu í landinu og vaxið alla 20. og 21. öldina.

HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ


STAÐA LANDSHLUTANS

Á tímabilinu 2010-2024 hefur íbúum höfuðborgarsvæðisins fjölgað um rúmlega 26% á móti tæpum 25% á landinu öllu.


Kynjaskipting hefur verið nokkuð jöfn á höfuðborgarsvæðinu undanfarin 15 ár. Hlutfall karla er þó örlítið hærra en áður, en karlar voru tæplega 51% árið 2024 samanborið við rúmlega 49% árið 2010. Hlutfall kvenna hefur lækkað úr tæplega 51% í rúmlega 49% á sama tímabili.

Á síðastliðnum árum hefur fjöldi erlendra ríkisborgara á höfuðborgarsvæðinu rúmlega þrefaldast. Hlutfall erlendra ríkisborgara á höfuðborgarsvæðinu var um 17% árið 2024 en var um 6% árið 2010. Hlutfall erlendra ríkisborgara er hæst í Reykjavík, um 21%, og í Hafnarfirði, um 16%. Lægst er hlutfallið í Garðabæ, 7%, og Kjósahreppi, 5%.

Höfuðborgarsvæðið, hlutfall af íbúum landsins



Þróun hlutfalls erlendra ríkisborgara





HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

STAÐA LANDSHLUTANS

Heildartekjur á íbúa á höfuðborgarsvæðinu árið 2023 voru yfir landsmeðaltali.

Atvinnuþátttaka á höfuðborgarsvæðinu á 4. ársfjórðungi ársins 2024 fyrir aldurshópin 16-64 ára var um 91,1% hjá körlum og um 83,8% hjá konum.

Utan höfuðborgarsvæðisins var atvinnuþátttaka ögn lægri en þar var atvinnuþátttaka karla um 89,5 % og kvenna 80,1%. Árlegt atvinnuleysi var svipað á höfuðborgarsvæðinu, um 3,6%, og á landinu öllu, um 3,5%, árið 2024.





Heimsmarkmið

Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru gerð með það markmið að leiða til betra lífs, lífsskilyrða og umhverfis árið 2030. Ísland er eitt þeirra aðildarríkja sem hefur samþykkt að vinna að heimsmarkmiðunum.

Tekið er mið af heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna í Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2025-2029 og lögð er áhersla á sjálfbæra þróun og bætt lífsskilyrði á svæðinu til framtíðar.





Framtíðarsýn höfuðborgarsvæðisins til ársins 2040

Sóknaráætlun 2025-2029 byggir á framtíðarsýn Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins til ársins 2040, sem markar stefnu sveitarfélaganna um þróun höfuðborgarsvæðisins til framtíðar.

„ Höfuðborgarsvæðið býður upp á fjölbreytt atvinnulíf sem byggt er á hugviti og hagnýtingu þess. Styrkar stoðir verðmætasköpunar standa undir lífskjörum sem eru á borð við þau bestu í heiminum. Rannsóknarstofnanir á svæðinu eru í fremstu röð og leggja grunn að frjórri nýsköpun á fjölmörgum sviðum.

Höfuðborgarsvæðið er nútímalegt borgarasamfélag sem í senn er alþjóðlegt og með skýr sérkenni. Höfuðborgarsvæðið laðar að sér fólk hvaðanæva að sem vill búa og starfa þar um lengri eða skemmri tíma eða njóta þess sem gestir. „



Leiðarljós svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins sem endurspeglast í áhersluþáttum og markmiðum Sóknaráætlunar

1. Hagkvæmur vöxtur höfuðborgarsvæðisins
2. Skilvirkar samgöngur og nútímalegt samgöngukerfi
3. Sókn og samkeppnishæfni
4. Heilnæmt umhverfi og heilbrigt líf
5. Gott nærumhverfi eykur gæði borgarbyggðar
6. Árangursríkt samstarf um þróun höfuðborgarsvæðisins



Vinnuferlið við gerð sóknaráætlunar

Könnun

Könnun var gerð meðal kjörinna fulltrúa og stjórnenda sveitarfélaganna. Jafnframt var hún send á fulltrúa frá háskóla-, atvinnu- og menningarlífi á höfuðborgarsvæðinu.

Vinnu stofa

Vinnustofa var haldin 1. nóvember 2024 í Hlégarði með þátttöku kjörinna fulltrúa og stjórnenda sveitarfélaganna. Jafnframt tóku þátt fulltrúar frá háskóla-, atvinnu- og menningarlífi á höfuðborgarsvæðinu.

Úrvinnsla

Úrvinnslufundur stjórnar SSH var haldinn í Höfða 6. desember 2024 þar sem markmið og áhersluverkefni voru mótuð. Í framhaldi var unnið áfram úr niðurstöðum með stjórn og starfsfólki SSH.

Samráð

Í kjölfar úrvinnslu eru niðurstöður í vinnslu í samráðsgátt.

Samþykkt áætlun

Lokaniðurstöður lagðar fram til samþykktar í stjórn SSH.



Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2025-2029



Meginmálaflokkar

Undir hverjum meginmálaflokki eru málaflokkar sem mynda áhersluverkefni sóknaráætlunar.



Atvinna og nýsköpun

- Nýsköpun og samkeppnishæfni
- Stafræn þróun



Umhverfis- og samgöngumál

- Samgöngumál
- Loftgæði
- Græn svæði
- Sjálfbærni og hringrásarlausnir



Velferð og samfélag

- Húsnæðismál
- Velferðarmál
- Menntamál
- Samfélag



Áherslupættir og markmið

Helstu markmið sem unnið verður að á árunum 2025–2029 eru eftirfarandi.



Atvinna og nýsköpun

- Auka nýsköpun og samkeppnishæfni atvinnulífs
- Styrking stafrænnar þróunar til aukinnar þjónustu til íbúa og rekstrarhagræðis sveitarfélaganna



Umhverfis- og samgöngumál

- Bæta samgöngur á höfuðborgarsvæðinu
- Auka þekkingu og vitund um loftgæði og loftlagsmál
- Varðveita græn svæði og auka aðgengi að útivistarsvæðum
- Örva tækifæri til hringrásarlausna og efla deilihagkerfið



Velferð og samfélag

- Draga fram sóknarfæri í húsnæðismálum
- Skýra mörk á milli ríkis og sveitarfélaga í velferðarmálum
- Styrkja menntakerfið með samræmingu aðgerða
- Skoða samfélagsþróun á svæðinu milli Hvítár og Hvítár



Áhersluverkefni

1

Standa fyrir sameiginlegum viðburðum sem hvetja til nýsköpunar

2

Greining á tækifærum til einföldunar regluverks



Atvinna og
nýsköpun

Nýsköpun og samkeppnishæfni

Stöðugt þarf að huga að því hvernig best sé að tryggja alþjóðlega samkeppnishæfni atvinnulífs á höfuðborgarsvæðinu.

Markmið

- Auka nýsköpun í atvinnulífi
- Efla samkeppnishæfni atvinnulífs svæðisins

Mælikvarðar árangurs:

- Hlutfallsleg fjölgun nýskráðra fyrirtækja
- Árangur í einföldun regluverks



Áhersluverkefni

1

Greining áhættu og tækifæra við nýtingu gervigreindarlausna í starfsemi sveitarfélaganna

2

Móta og taka upp samræmda vefverslun um innkaup sveitarfélaga



Atvinna og
nýsköpun

Stafræn þróun

Stafræn tækni býður upp á fjölmarga möguleika sem aukið geta skilvirkni sveitarfélaganna.

Markmið

- Nýta stafrænar lausnir til aukinnar þjónustu og rekstrarhagræðis sveitarfélaganna

Mælikvarðar árangurs:

- Tækifæri mótuð á notkun gervigreindarlausna hjá sveitarfélögunum
- Vefverslun komin í notkun



Áhersluverkefni

1

Greining og mótun aðgerða til álagsdreifingar í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á höfuðborgarsvæðinu

2

Samþætta þjónustu þ.e. hreinsun, mokstur og viðhald göngu- og hjólastíga

3

Greining á frekari möguleika til samþættingu á samgöngumátum

4

Greining á ferðavenjum til og frá höfuðborgarsvæðinu



Samgöngumál

Framundan eru umfangsmiklar framkvæmdir vegna samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins og á meðan og til framtíðar er mikilvægt að leita leiða til að bæta flæði samgöngumáta.

Markmið

- Dreifa álagstíma umferðar
- Samræma þjónustu við hjóla- og göngustíga höfuðborgarsvæðisins
- Stuðla að samþættingu samgöngumáta

Mælikvarðar árangurs:

- Minnkun umferðaálags á annatímum
- Aðgerðaáætlun um samþætta þjónustu við hjóla- og gönguleiðir
- Viðmið lykiltalna



Áhersluverkefni

1

Samþætta fræðslu og upplýsingaöflun í loftgæðamálum

2

Vinna að minnkun kolefnisspors höfuðborgarsvæðisins



Umhverfis- og samgöngumál

Loftlagsmál og loftgæði

Unnið hefur verið á vettvangi sveitarfélaganna að sameiginlegri loftlagsáætlun og aðgerðum í loftlagsmálum. Mikilvægt er að fylgja þeim aðgerðum markvisst eftir.

Markmið

- Samræmdar aðgerðir í loftgæðamálum
- Áframhaldandi vinna við aðgerðir núverandi loftlagsáætlunar

Mælikvarðar árangurs:

- Þekking íbúa á loftgæðamálum
- Minni losun CO₂



Áhersluverkefni

- 1 Samræma merkingar útivistarsvæða
- 2 Kortleggja strandlengju til viðbótar við útivistarvef
- 3 Markaðssetja útivistarsvæðin
- 4 Samvinna um líffræðilega fjölbreytni



Græn svæði

Aðgengi íbúa og gesta að grænum svæðum höfuðborgarsvæðisins hefur aukist en strandlengjan býr yfir mörgum vannýttum tækifærum.

Markmið

- Auka aðgengi íbúa og gesta að strandlengju höfuðborgarsvæðisins
- Efla kynningu á útivistarsvæðum
- Varðveita líffræðilega fjölbreytni á höfuðborgarsvæðinu

Mælikvarðar árangurs:

- Fjöldi gesta á útivistar- og strandlengjusvæðum
- Samræmd stefna um líffræðilega fjölbreytni



Áhersluverkefni

1

Greining á auðlindastraumum á höfuðborgarsvæðinu og möguleikum til bættrar nýtingar þeirra



Umhverfis- og
samgöngumál

Sjálfbærni og hringrásarlausnir

Með kortlagningu auðlindastrauma fæst betri yfirsýn á möguleg tækifæri til auka hringrásarnýtingu, vernd og nýtingu auðlinda, auka skilvirkni og draga úr neikvæðum heildaráhrifum á umhverfið.

Markmið

- Örva frekari tækifæri til hringrásarlausna og eflingu deiliahagkerfis

Mælikvarðar árangurs:

- Greining auðlindastrauma á svæðinu



Áhersluverkefni

1

Staða og þróun íbúða- og atvinnuhúsnæðis á svæðinu

2

Gera ítarlegar greiningar á innviðum með tilliti til þróunar húsnæðismála

3

Setja af stað samanburðargreiningu á lykiltölum við sambærileg svæði erlendis



Velferð og samfélag

Húsnæðismál

Höfuðborgarsvæðið er í örum vexti, mikilvægt er að fyrir liggi skýr sýn á stöðu og þróun og möguleikar til áframhaldandi vaxtar.

Markmið

- Draga fram stöðu og sóknarfæri í húsnæðismálum höfuðborgarsvæðisins

Mælikvarðar árangurs

- Skýr staða húsnæðismála
- Innviðagreining
- Viðmið lykiltalna



Áhersluverkefni

1

Útbúa skýrslu (grábók) sem tekur til þeirra gráu svæða sem eru í verk- og kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga tengt þjónustuveitingu velferðarmála

2

Framkvæma greiningar og tillögur að úrræðum í tengslum við inngildinguna*

*Hugtakið inngilding vísar til þess að allir einstaklingar fái tækifæri til þess að taka fullan þátt í samfélaginu eða tilteknum aðstæðum óháð bakgrunni eða öðrum þáttum.



Velferð og samfélag

Velferðarmál

Velferðarmál eru annar umfangsmesti málaflokkur sveitarfélaga. Mikilvægt er að skipting verkefna milli ríkis og sveitarfélaga sé skýr.

Markmið

- Skerpa á stuðningi, úrræðum og áskorunum á milli ríkis og sveitarfélaga í velferðamálum
- Samræma úrræði tengd inngildingunni

Mælikvarðar árangurs:

- Skýr greining á verk- og kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í velferðamálum
- Samræmd úrræði tengd inngildingunni*



Áhersluverkefni

1

Greina og koma á sameiginlegum þróunar- og úrbótaverkefnum um skóla- og menntamál

2

Gerð samskiptasáttmála innan skólanna

3

Skoða fýsileika samstarfs um rekstur skóla á sérskólastigi



Velferð og samfélag

Menntamál

Sveitarfélögin standa frammi fyrir fjölmörgum áskorunum er varðar skólastarf og mikið álag hefur verið á innra starf skólanna.

Markmið

- Greina ástæður álags innan skólakerfisins og móta aðgerðir til úrbóta
- Styrkja jákvæða ímynd skólastarfsins
- Skoða möguleika til aukins samstarfs um rekstur skóla á sérskólastigi

Mælikvarðar árangurs:

- Greiningar og úrbótaverkefni
- Bætt ímynd skólastarfs
- Fýsileiki og möguleikar til samstarfs um rekstur sérskóla



Áhersluverkefni

1

Áframhaldandi vinna við verkefni Hvítá – Hvítá*

*Verkefnið gengur út á greiningu á framtíðar samfélags- og byggðaðróun þéttbýlis umhverfis höfuðborgarsvæðið og áhrif ólíkra sviðsmynda þeirrar þróunar á höfuðborgarsvæðið.



Velferð og samfélag

Samfélag

Horfa þarf á svæðin og samfélagsþróun í nálægð við höfuðborgarsvæðið í heild til framtíðar.

Markmið

- Skoða samfélagsþróun á Hvítá – Hvítá svæðinu* (SV hornið)

Mælikvarðar árangurs:

- Sviðsmyndir um samfélagsþróun svæðisins og greiningar þeirra



Forgangsröðun áhersluverkefna

		2025	2026	2027	2028	2029	Athugasemd
Atvinna- og nýsköpun	Standa fyrir sameiginlegum viðburðum sem hvetja til nýsköpunar		1				
Atvinna- og nýsköpun	Greining á tækifærum til einföldunar regluverks				1		
Atvinna- og nýsköpun	Greining áhættu og tækifæra við nýtingu gervigreidarlausna í starfsemi sveitarfélaganna	1					
Atvinna- og nýsköpun	Móta og taka upp samræmda vefverslun um innkaup sveitarfélaga	1					Er í gangi frá árinu 2024.
Umhverfis- og samgöngumál	Greining og mótun aðgerða til álagsdreifingar í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á höfuðborgarsvæðinu	1					
Umhverfis- og samgöngumál	Samþætta þjónustu þ.e. hreinsun, mokstur og viðhald göngu- og hjólastíga		1				
Umhverfis- og samgöngumál	Greining á frekari möguleika til samþættingu á samgöngumátum.			1			
Umhverfis- og samgöngumál	Greining á ferðavenjum til og frá höfuðborgarsvæðinu.			1			
Umhverfis- og samgöngumál	Samþætta fræðslu og upplýsingaöflun í loftgæðamálum	1					Er enn í gangi - afgangur af fjármagni nýtt áfram
Umhverfis- og samgöngumál	Vinna að minnkun kolefnisspors höfuðborgarsvæðisins	1					Er enn í gangi - afgangur af fjármagni nýtt áfram
Umhverfis- og samgöngumál	Samræma merkingar útivistarsvæða	1					
Umhverfis- og samgöngumál	Kortleggja strandlegnu til viðbótar við útivistarvef			1			
Umhverfis- og samgöngumál	Markaðssetja útivistarsvæðin			1			Nýr útivistarvefur tekur á þessu verkefni.
Umhverfis- og samgöngumál	Samvinna um líffræðilega fjölbreytni					1	
Umhverfis- og samgöngumál	Greining á auðlindastraumum á höfuðborgarsvæðinu og möguleikum til bættrar nýtingar þeirra		1				
Velferð og samfélga	Staða og þróun á íbúða- og atvinnuhúsnæðis á svæðinu	1					
Velferð og samfélga	Gera ítarlegar greiningar á innviðum með tilliti til þróunar húsnæðismála	1					
Velferð og samfélga	Setja af stað samanburðargreingu á lykiltölum við sambærileg svæði erlendis	1					
Velferð og samfélga	Útbúa skýrslu (grábók) sem tekur til þeirra gráu svæða sem eru í verk- og kostnaðarskiptinu ríkis og sveitarfélga tengt þjónustuveitinum velferðarmála	1					
Velferð og samfélga	Framkvæma greiningar og tillögur að úrræðum í tengslum við inngildinu			1			
Velferð og samfélga	Greina og koma á sameiginlegum þróunar- og úrbótaverkefnum um skóla- og menntamál	1					
Velferð og samfélga	Gerð samskiptasáttmála innan skólanna		1				
Velferð og samfélga	Áframhaldandi vinna við verkefni Hvítá - Hvítá		1				
Velferð og samfélga	Samstarf um rekstur skóla á sérskólastigi	1					

9 8 5 1 1

- Forgangsröðunin endurspeglast í tímaröð (ár) og er framþung. Líklegt er þó að það tegist úr verkefnum m.v. reynslu fyrri ára. Þá er eins líklegt að ný áhersluverkefni þróist og önnur bætist við.



Samskipta og kynningaáætlun fyrir sóknaráætlun

Áhersla er lögð á að tryggja vitund helstu markhópa um tilurð og markmið Sóknaráætlunar til þess að auka þátttöku og árangur.

Helstu markhópar eru þrír:

1. Íbúar svæðisins
2. Fyrirtæki og þeir hagsmunaaðilar sem komið hafa að vinnu við sóknaráætlunina.
3. Kjörnir fulltrúar
4. Samráðsvettvangur. Gert er ráð fyrir að funda með samráðsvettvangi sóknaráætlunar á hverju hausti til undirbúnings áhersluverkefna næsta árs og almennar umræðu um gang og framvindu sóknaráætlunarinnar.

	Aðgerðir	Markhópar		
		Íbúar svæðis	Hagsmuna aðilar	Kjörnir fulltrúar
Heimasíða og samfélagsmiðlar	Sérstakt svæði á vefsíðu SSH	X	X	X
	Regluleg fréttabréf	X	X	X
	Dreifing efnis á samfélagsmiðlum	X	X	X
Fundir	Sérstakir kynningarfundir		X	X
	Samráðsfundir		X	X
Fjölmiðlar	Fréttatilkynningar	X	X	X
	Greinaskrif	X	X	X



Viðauki I



Yfirlit yfir áhersluverkefni SSH 2020-2024

- Forvarnir á tímum Covid-19
- Úrgangur og meðhöndlun úrgangs – sameiginleg úrgangsflokkun
- Loftslagsstefna höfuðborgarsvæðisins
- Áfangastaða- og markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins
- Útivistarsvæði á höfuðborgarsvæðinu
- Nýsköpunar- og samkeppnisverkefni (Sóley)
- Áætlun um landnotkun, húsnæði og samgöngur.
- Fjölsmiðjan -þróunar – og forvarnarverkefni
- Almenningsamgöngur – ábati, markaðsgreining og markaðssetning.
- Innleiðing hringrásarhagkerfisins á höfuðborgarsvæðinu – sameiginlegar samþykktir
- Áframhaldandi þróun á investinreykjavik.is
- Fráveitumál höfuðborgarsvæðisins – forathugun
- Börn innflytenda í skólum á höfuðborgarsvæðinu
- Forkönnun á sameiginlegum innkaupavef sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu
- Loftslagsstefna höfuðborgarsvæðisins – tillögur til aðgerða
- Nýr útivistarvefur höfuðborgarsvæðisins
- Forvarnir og geðrækt hjá unglíngum
- Almenningsamgöngur – markaðssetning fyrir nýja notendur.
- Tækifæri til útivistar við vötn, haf og gönguskíðaiðkun
- Þróun Hvítá til Hvítá svæðisins (SV hornið)

Flokkur

Velferð & Samfélag
Umhverfis- & Samgöngumál
Umhverfis- & Samgöngumál
Atvinna & nýsköpun
Velferð & Samfélag
Atvinna & nýsköpun
Umhverfis- & Samgöngumál
Velferð & Samfélag
Umhverfis- & Samgöngumál
Umhverfis- & Samgöngumál
Atvinna & nýsköpun
Umhverfis- & Samgöngumál
Velferð & Samfélag
Atvinna & nýsköpun
Umhverfis- & Samgöngumál
Velferð & Samfélag
Velferð & Samfélag
Umhverfis- & Samgöngumál
Velferð & Samfélag
Velferð & Samfélag



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

